

8. gr.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabótaauka eða að barnabótaauki hafi verið ákvarðaður of hár skal skattstjóri leiðrétta hann. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. gr. og 96. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í B-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi þann 1. janúar 1996.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1995.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Bragi Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um greiðslu barnabóta á árinu 1996.

1. gr.

Á árinu 1996 skal ríkissjóður greiða barnabætur vegna hvers barns innan 16 ára aldurs sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Barnabætur samkvæmt 1. gr. skulu á árinu nema 9.272 kr. með fyrsta barni en 28.768 kr. með hverju barni umfram eitt.

Fyrir börn yngri en sjö ára skulu barnabætur vera 30.176 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu vera 69.624 kr. með fyrsta barni. Með börnum umfram eitt skulu barnabæturnar vera 74.024 kr., en þó 30.176 kr. hærri sé það yngri en 7 ára. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

3. gr.

Fjárhæðir barnabóta samkvæmt 2. gr. skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis frá á árinu vegna barnsins.

4. gr.

Framfærandi barns telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambúðarfolk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981 enda þótt það óski ekki eftir að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Sé svo ástatt hjá hjónunum að annar hvor makinn er skattskyldur hér á landi skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 en hinn makinn ber ekki ótakmarkaða skattskyldu hér á landi vegna ákvæða samninga Íslands við önnur ríki eða af öðrum ástæðum, þá skal sá maki sem skattskyldur er hér á landi fá hálfar barnabætur hjóna skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar, sbr. og 1. málslíð 2. mgr. þeirrar greinar, vegna þeirra barna hjónanna er dveljast hér á landi.

5. gr.

Skattstjóri ákvarðar barnabætur samkvæmt þessari reglugerð og semur skrá um barnabætur hvers framfæranda. Skráin skal send fjármálaráðuneytinu.

Telji einhver barnabætur sínar eigi rétt ákvarðaðar getur hann leitað til skattstjóra með skriflega beiðni um leiðréttingu. Skal beiðnin lögð fram eigi síðar en 30 dögum eftir útborgun bóttanna og studd nauðsynlegum gögnum. Ákvörðun skattstjóra skal liggja fyrir við upphaf næsta útborgunartímabils barnabóta og niðurstaða skal tilkynnt viðkomandi manni um leið og næsta greiðsla barnabóta fer fram.

6. gr.

Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hefur verið dreginn ofgreiddur barnabótaauki, vangreiddir skattar og gjöld til ríkis og sveitarfélaga, ofgreiddar húsaleigubætur og vangreidd meðlög til Innheimtustofnunar sveitarfélaga í þessari forgangs röð:

1. Ofgreiddur barnabótaauki.
2. Tekjuskattur.
3. Önnur þinggjöld, sbr. þó 5. tölulið.
4. Útsvar og aðstöðugjald.
5. Tryggingagjald.
6. Vangreidd gjöld maka skv. 1.–4. tölul. (þó ekki aðstöðugjald).
7. Ofgreiddar húsaleigubætur skv. 19. gr. laga nr. 100/1994.
8. Virðisaukaskattur.
9. Söluskattur.
10. Bifreiðagjöld vegna 1995 og fyrri ára.
11. Launaskattur.
12. Vangreidd meðlög eftir kröfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

7. gr.

Barnabætur samkvæmt þessari reglugerð skulu greiddar út með fjórum ársfjórðungslegum greiðslum. Barnabætur vegna tímabilsins janúar til mars greiðist út eigi síðar en 1. febrúar, barnabætur vegna apríl til júní greiðist út eigi síðar en 1. maí, barnabætur vegna tímabilsins júlí til september greiðist út eigi síðar en 1. ágúst og barnabætur vegna tímabilsins október til desember greiðist út eigi síðar en 1. nóvember.

Barnabætur greiðast frá og með fyrsta ársfjórðungi eftir að barn fæðist eða öðlast heimilisfesti hér á landi til og með þeim ársfjórðungi að 16 ára aldri er náð eða heimilisfesti er slitið.

Ríkisbókhald ávísar barnabótum til útborgunar hjá ríkisféhirði samkvæmt reglugerð þessari.

8. gr.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabóta eða að barnabætur hafa verið ákvarðaðar of háar skal skattstjóri leiðrétta þær. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. gr. og 96. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í A-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi þann 1. janúar 1996.

Fjármálaráðuneytið, 27. desember 1995.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Bragi Gunnarsson.